

ORKUSPÁRNEFND

Hagstofa Íslands – Íbúðalánasjóður - Landsvirkjun – Orkustofnun - Orkuveita Reykjavíkur

Rafmagnsveitur ríkisins - Samorka - Þjóðhagsstofnun

Reykjavík, 16. febrúar 1999

FRÉTTATILKYNNING

RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 1998

Raforkuvinnsla á landinu nam samtals 6.276 GWh á árinu 1998 og hafði aukist um 12,4% frá árinu á undan. Meginástæða mikillar aukningar er aukin notkun hjá Íslenska álfélaginu og tilkoma verksmiðju Norðuráls á Grundartanga. Síðustu tvö árin hefur raforkuvinnslan aukist samtals um 1.163 GWh sem er rúmum fjórðungi meira en öll vinnsla í Blönduvirkjun á síðasta ári. Stórnotkun nam 3.470 GWh og hafði aukist um 23% frá árinu á undan en almenn notkun nam 2.542 GWh og minnkaði um 1,1% (dreifitöpp innifalin). Töpp við flutning orkunnunar frá virkjunum til almenningsveitna og stórnotenda voru 264 GWh.

Almenn raforkunotkun er nokkuð háð veðurfari og til að fá rétta mynd af vexti notkunarinnar er hún oft leiðrétt út frá lofthita. Tvö síðustu ár hafa verið hlýrri en í meðalári en árið 1997 var þó hlýrra en síðasta ár. Þegar almenna notkunin hefur verið leiðrétt út frá lofthita minnkar hún frekar eða um 1,7%. Ástæða minni almennrar notkunar á síðasta ári en árið á undan er skerðing á sölu á ótryggðri orku frá Landsvirkjun vegna hættu á vatnsskortri við orkuver.

Forgangsorka

Raforkunotkun er oft greind niður á tvo meginþætti eða í fogangs- og ótryggða orku. Meginhluti notkunarinnar er forgangsorka en með ótryggðri orku er átt við notkun þar sem samið hefur verið um að skerða megi notkunina svo sem þegar erfiðleikar eru í vatnsbúskap virkjana.


Notkun forgangsorku nam samtals 5.219 GWh og eru dreifitöpp þá meðtalin. Notkunin jókst um 23,3% frá fyrra ári. Stórnotkun nam 2.942 GWh og jókst um 46,2% en almenn notkun nam 2.277 GWh og jókst um 2,5%. Eftir hitastigsleiðréttingu er

aukning almennrar notkunar 2,3%. Síðustu tvö árin hefur almenn forgangsorkunotkun aukist um 109 GWh og stórnotkun um 1.311 GWh.


Aukning almennrar notkunar hefur verið nálægt 2,5% síðustu fjögur ár en næstu sex ár þar á undan var aukningin minni. Meginástæða þessa er uppsveiflan sem nú er í atvinnulífi landsmanna en áætlað er að landsframleiðsla hafi aukist yfir 5% á ári síðustu þrjú árin. Raforkunotkunin sveiflast að jafnaði með landsframleiðslunni en sveiflurnar eru þó að jafnaði minni í raforkunotkuninni enda er vöxtur hennar einungis um helmingur á við vöxt landsframleiðslu síðustu árin. Aftur á móti er aukning raforkunotkunar mun meiri en fólksfjölgun en landsmönnum hefur fjölgað um 0,8% á ári að meðaltali síðustu fjögur árin.

Ótryggð orka


Notkun ótryggðrar orku nam samtals 793 GWh á síðasta ári og minnkaði um 32% á milli ára (áætluð dreifitöp meðtalin) eða um 267 GWh. Minnkun í almennu notkuninni var 24% (25% hitastigsleiðrétt) og 35% í stórnotkuninni. Gert hafði verið ráð fyrir að ótryggð orka til stóriðju mundi minnka um 125 GWh vegna breyttra samninga og ef þeim hluta er sleppt verður minnkunin 23%. Þessi minnkun er vegna hættu á vatnsskortum við orkuver síðasta haust og því var þá skert sala á ótryggðri orku í fyrsta skipti í um einn og hálfan áratug. Sala á ótryggðri orku hefur aukist mikið á undanförunum árum en átak var gert í sölu á þessari orku þegar framboð raforku jókst með tilkomu Blönduvirkjunar. Vegna þess hve rennsli til virkjana er breytilegt verður framboð á ótryggðri orku mismunandi á milli ára og kaupendur hennar verða því að vera viðbúnir að til skerðingar geti komið. Á móti er verð á þessari orku mun lægra en á forgangsorkunni.




Mynd 1 Raforkunotkun á Íslandi árin 1985-98. Forgangsorka, rauntölur.



Mynd 2 Aukning almennrar raforkunotkunar 1985-98. Forgangsorka, hitastigsleiðrétt (án flutningstapa og eigin notkunar Landsvirkjunar).



Mynd 3 Raforkunotkun á Íslandi árin 1985-98. Ótryggð orka, rauntölur.



Mynd 4 Aukning almennrar raforkunotkunar 1985-98. Ótryggð orka, hitastigsleiðrétt (án flutningstapa og eigin notkunar Landsvirkjunar).